



## Fundargerð fræðslunefndar

Fimmtudaginn 16. ágúst var fundur haldinn í fræðslunefnd Höfðahrepps kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Erla Jónsdóttir, Helga Björg Ingimarsdóttir, Björn Ingi Óskarsson fulltrúi foreldra, Erna Hreinsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Ingólfssdóttir skólastjóri og Elva Þórisdóttir aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá:

### 1. Ráðningamál

Skólastjóri fór yfir stöðuna í ráðningarmálum.

#### Tillaga um ráðningu eftirtalinna starfsmanna skólaárið 2007-2008.

Erna Berglind Hreinsdóttir	grunnskólakennari	92%
Guðbjörg Eyjólfssdóttir	grunnskólakennari	100%
Elva Dröfn Árnadóttir	grunnskólakennari	100%
Agnes Sævarsdóttir	leiðbeinandi	100%
Anna Magnea Valdimarsdóttir	leiðbeinandi	100%
Anna Margrét Sigurðardóttir	leiðbeinandi	100%
Bára Þorvaldsdóttir	leiðbeinandi	100%
Herdís Ósk Baldvinsdóttir	leiðbeinandi	100%
Ingvar Magnússon	íþróttakennari	stundakennsla
Lárus Ægír Guðmundsson	íþróttakennari	stundakennsla

Ingvar Magnússon verður ráðinn sem stundakennari og kennir íþróttir á mánudögum og föstudögum. Stundakennsluna kenna þeir saman Lárus Ægír og Ingvar.

Ólafur Bernóðsson kemur inn í 100% starf þar af er námsráðgjöf 20%

#### Aðrir starfsmenn

Guðrún Magnúsdóttir skólaliði 75%

Fræðslunefndin mælir með ráðningu fyrrgreindra aðila.

### 2. Skólavistun

Skólastjóri ákvað að biða með ráðningu starfsmanns þar til ljóst er hvernig skólamötuneytismál liggja fyrir.

### 3. Önnur mál



## FRÆÐSLUNEFND HÖFÐAHREPPS

---

Fyrir fundinum lá umsókn Hildar Ingólfssdóttur þar sem hún sækir um námsstyrk til fjarnáms í Stjórnendaskóla Háskóla Reykjavíkur. Hildur vék af fundi meðan fræðslunefnd fjallaði um erindið. Fræðslunefndin mælir með að veita Hildi styrk til greiðslu skólagjalda að upphæð 260þús. einnig að hún fái að sækja nám annanhvern föstudag án launaskerðingar með þeim skilmálum að vinna hjá sveitarfélaginu jafnlangan tíma og námið stendur.